

# Lög

## um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978 (greiðslufrestun).

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða III í lögnum:

- a. Í stað orðanna „vöxtum og afborgunum, í allt að níu mánuði, frá og með 16. mars 2020 til og með 1. janúar 2021“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: vöxtum og/eða afborgunum, í allt að 18 mánuði, frá og með 16. mars 2020 til og með 1. maí 2021.
- b. Í stað dagsetningarinnar „16. mars“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 16. maí.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 26. nóvember 2020.*